



## Bónorð skipstjórans.



### FYRSTI KAPITULI.

Skonnortan "Hafsúlan" frá Lundúnum lá í Northfleet-höfn drekkhlaðin af sementi, sem átti að fara til Brittlesea. Skipstjórinn á henni hét Wilson og var hann líka eigandi hennar. Hún var alveg full upp undir þiljur af sementi; það rauk upp um allar rifur og settist í skeggið á skipsmönnunum, svo að þeir urðu langtum ógurlegri ásýndum, en þeir voru í raun og veru; það jafnvel smaug inn í eldaklefann og komst ofan í kjötmaukið, sem mallaði í potti yfir eldinum, og þar blandaðist það saman við margskonar annað sælgæti.

Það var ekki sjón að sjá skipið, fyr en búið var að þvo þilfarið; og fyrst þegar því var lokið, fór stýrimaðurinn að hugsa um að þvo sjálfum sér. Veðrið var hlýtt, eins og oft gerist í maí, og sumt af sementinu hafði komist í hárið á stýrimanninum og hrúgast saman í stóra flekki á góðlátlega andlitinu á honum, sem var löðrandi af svita. Vikadrengurinn hafði komið með tréfötu fulla af vatni, gult sápu-  
stykki og handklæði, og sett það rétt við káetu-  
gluggann. Stýrimaðurinn brosti ánægjulega, þegar